

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/1999

frá 16. júlí 1999

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/1999 frá 25. júní 1999⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/69/EB frá 13. október 1998 um ráðstafanir gegn loftmengun vegna útblásturs frá vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0069:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/69/EB frá 13. október 1998 (Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 1).“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/69/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. júlí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 16. júlí 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner